

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar vegna rammahluta Kársness.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 5. maí 2026 breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem samþykkt var í bæjarstjórn 10. mars 2026.

Í breytingunni felst að á 57,2 ha svæði sem skilgreint er sem þróunarsvæði (PR-1) er sett fram stefna um framtíðar uppbyggingu á svæði sem skiptist í eftirtalda landnotkunarreiti: verslun og þjónustu, athafnasvæði, íbúðarsvæði og hafnarsvæði. Ekki er gerð breyting á einstökum landnotkunarreitum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 5. maí 2026.*

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

---

B deild - Útgáfudagur: 20. maí 2026